


**Afstöðumynd**
mkv: 1 : 500

# BYGGINGARLÝSING

A. ALMENNT
Oddeyrarbót 2, 600 Akureyri
Landnúmer er L535333.

B. STARFSEMI OG NOTKUN
Um er að ræða þjónustu- og miðasöluhús fyrir hvalaskoðun. Húsið er á tveimur hæðum, efri hæð er að hluta inndregin. Sökkull er steyptur en burðarvirki er byggt úr forsmíðuðum stáleiningum, einangrað og klætt að utan og innan. Þak er einnig úr forsmíðuðum stáleiningum og klætt.
Á neðri hæð eru inngangar bæði frá bílastæðum og höfninni. Þar eru sölulúgur, afgreiðsla, salerni gesta og búningsaðstaða starfsfólks.
Á efri hæð er setustofa, skrifstofa og kaffistofa starfsfólks. Efri hæð er bæði aðgengileg um stiga/lyftu innanhúss og stiga utanhúss.

C. HELSTU STÆRÐIR

| | | |
|---|---|---|
| Botn: | 35,6m³ | |
| 1.hæð: | 197,0m² | 600,3m³ |
| 2.hæð: | 102,9m² | 392,5m³ |
| Samtals: | 299,9m² | 1.028,4m³ |

D. STÆRÐ LÓÐAR OG NÝTINGARHLUTFALL
Lóðarstærð: 470,4m²
Nýtingahlutfall: 299,9m² / 470,4m²=0,638

E. BURÐARVIRKI
Botnplata og sökkull er staðsteypt. Burðarvirki er smíðað úr 80mm x 80mm stálgrind sem er forsmíðað og klætt. Sökkull og þak er einnig forsmíðað stálvirki sem er klætt.

F. UTANHÚSSFRÁGANGUR
Útveggir eru úr forsmíðuðum stál-einingum, þ. e. 80 x 80 mm stálgrind með 80 mm samlokueiningu (PIR) í útveggjagrind. Klætt er utan á grindina með 50 mm steinullareinangrun og svo 1mm álklæðningu. Innan á veggi er klætt með 50 mm steinullareinangrun, rakavarnarlagi og gifsi. Þak er stálgrindarþak með 80mm samlokueiningum (PIR), klætt að ofan með 300mm steinullareinangrun með öndunardúk yfir, krossviðsplötum og lagt tjörupappa, ýmist með timburklæðningu á svölum og málmklæðningu á þaki. Að innan er rakasperra, gifsklæðning og loftaplötur í þaki. Gólfplata er steinsteyptir sökklar, ofan á þá er samlokueining sem er samsett af steinull, stálprófíl CS48-36-750 og svo með 90 mm flotílögn og hita í floti. Álklæddir timburgluggar, inngangshurðir og svalahurðir er frá viðurkenndum framleiðanda verða í sama lit og bára. Gler í gólfsíðum gluggum er öryggisgler.
Litaval utanhúss:
Ál á útveggjum og áfellur neðri hæð, litur: Dökkgrár
Ál á útveggjum og áfellur efri hæð, litur: Rautt
Báruál á þaki og þakkantur litur: Rautt
Svalagólf á efri hæð eru lerkiborð 20x120mm, náttúruleg yfirborðsvörn í grábrúnum tón.

G. HANDRIÐ INNAN- OG UTANHÚSS
Hefðbundið svalahandrið er á stiga innanhúss úr málm-pírálum með handlista í 90cm hæð, hvergi meira bil en 89 mm milli pírála. Handrið við stigaop á 2.hæð er 110cm hátt. Handrið er utanhúss á svölum hússins á 2.hæð. Handriðin eru úr stáli og gleri og verða 110cm á hæð.

H. EINANGRUN BYGGINGARHLUTA
Fyrirkomulag einangrunnar hússins er í meginatriðum eftirfarandi: Einangrun sökkla og botnplötu er 120 mm steinullareinangrun. Einangrun útveggja er 2x 50 mm steinullareinangrun sitthvoru megin við 80mm samlokueiningu (U-gildi 0,39 W/m2K). Þakeinangrun er 300 mm steinullareinangrun (Karkass) með vindpappa og samloku panel PIR 80mm. (U-gildi 0,2 W/m2K). Vegið meðaltal varmataps útveggja skal vera undir 0,85W/m2. Kólnunartölur skulu vera í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012, grein 13.3.2.

I. GERÐ INNVEGGJA OG HURÐA
Innveggir eru smíðaðir úr grind úr blikkstoðum og klæddir með plötum í 1. eða 2. flokki.
Gólf eru flotuð og lökkuð. Rakavarnardúkur er undir flísalögðum veggflötum í baðherbergi og tryggilega gengið frá í kverkum við sturtu. Alla veggi aðra en flísalagða og loft skal mála á hefðbundinn hátt.
Innihurðir eru smíðaðar á hefðbundinn hátt með viðurkenndum búnaði og eru hvítlakkaðar.

J. KERFISLOFT OG KERFISGÓLF
Hefðbundið kerfisloft með innfelldri lýsingu er á neðri hæð.

K. LAGNALEIÐIR, UPPHITUN OG LOFTRÆSTING
Inntök fyrir heitt og kalt vatn eru staðsett í sameiginlegu inntaksrými fyrir húsið undir tröppum/pöllum suðaustanmegin. Lagnagrind er ínntaksrými. Megininntak fyrir rafmagn verður afmarkað og aðgengilegt í inntaksrými. Lagnir eru ál-pex lagnir eða sambærilegar vottaðar lagnir. Frárennslislagnir í jörð skulu vera úr PVC rörum eða
sambærilegu. Hitalagnir eru rör í rör í gólfum og að hluta til í veggjum. Húsið er hitað upp með gólfhita.
Gegnumstreymisniðurföll eru í öllum votrýmum þ. e. í baðherbergjum. Auk þess er niðurfall við vatnsinntök .Áhersla er lögð á náttúrulega loftræsingu um gluggafög. Loftræsa skal sérstaklega öll gluggalaus rými. Þá skal vera vélræn loftræsing á eldhúsum og baðherbergjum í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, sjá nánar verkteikningar lagnahönnuðar.

L. BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 23-115) í september 2023 fyrir Oddeyrarbót, Akureyri. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða þjónustubyggingu á tveimur hæðum.

Brunahólfun
Húsið er að stærstum hluta eitt brunahólf, samtals um 285 m².
Tæknirými er sér brunahólf.
Sorpgeymsla við húsið er steinsteypt og uppfyllir a.m.k. EI60 (veggir og þak).

Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60 fyrir neðri hæð og hæðaskil.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R30 fyrir efri hæð.
Brunamótstaða aðalburðarvirkis þaks er a.m.k. R30.
Óvarið stálburðarvirki verður eldvarið skv. ofangreindu eða klætt af með fullnægjandi hætti.

Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Um er að ræða PIR samlokueiningar í útveggjum og þaki en þær eru klæddar að innan með klæðningu í flokki 1 (K10 B,s1-dO). Einingarnar sjálfar uppfylla a.m.k. B,s1-dO.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Gólfefni eru í flokki G (Dfl-s1).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Veðurkápa er í flokki A,s1-dO.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.
Frá neðri hæð eru fjórar flóttaleiðir beint út.
Frá efri hæð eru tvær flóttaleiðir út á tvennar svalir auk stiga niður.
Flóttahurðir skulu búnar neyðarhúnum skv. ÍST EN 179.
Rafmagnsrennihurðir í flóttaleiðum á neðri hæð verða með vararafmagni.
Biðsvæði fyrir fatlaða er á tvennum svölum á efri hæð.

Öryggiskerfi
Öryggiskerfi er í allri byggingunni sem tengist viðurkenndri vaktstöð. Miðað er við a.m.k. einn skynjara fyrir hverja 80 m².

Reyklosun
Reykræsing er um hurðir og glugga.

Slökkvitæki
Gert er ráð fyrir handslökkvitækjum skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Leiðar- og neyðarlýsing
Leiðar- og neyðarlýsing er í allri byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing er 5 lux í stiga.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) er í flóttaleiðum og göngum.
Neyðarlýsing skv. “opnum svæðum” (0,5 lux) er í sölum á neðri hæð, efri hæð, tæknirými og salernum fatlaðra.
Leiðarljós verða við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er frá Oddeyrarbót.
Reiknað er með því að björgun af svölum fari fram með körfubílum og léttum stigum.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
(öryggiskerfi, handvirkum slökkvibúnaði, leiðar- og neyðarlýsingu).

www.brunahonnun.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland l=IS Iceland o=Brunahönnun slf e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2023-09-14 12:58Z

M. HLJÓÐVIST
Hljóðvist verður í samræmi við ÍST 45:2016, kafla 11, 13 og 15 um atvinnuhúsnæði. Hljóðvist verður ekki lakari en í flokki C.

N. ÖRYGGISBÚNAÐUR
Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði fari ekki yfir 65 gr. á celsius. Það skal gert með viðurkenndum öryggisbúnaði neysluvatnskerfa, t.d. varmaskipti eða uppblöndunarloka. Gler sem er nær jörðu en 60cm verður öryggisgler.

O. TÆKNIBÚNAÐUR
Í húsinu verður lyfta fyrir hjólastóla milli hæða.

P. ALGILD HÖNNUN
Atvinnurýmið er hannað samkvæmt kröfum um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.3.c í byggingarreglugerð. Í því felst að þröskuldur/hæðarmunur við inngangs- og svalhurð er minni en 25 mm. Eitt salerni gesta er með 1.500 mm snúningssvæði. Hjólastólalyfta er upp á efri hæð. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,8 m og hæð minnst 2,0 m. Aðkomuleið af bílastæði inn í húsið er einnig þrepalaus.

Q. FRÁGANGUR LÓÐAR
Aðkoma að húsi er hellulögð. Lýsing á lóð verður lágstemmd og glýjulaus. Snjóbræðslulagnir verða í gangstétt að aðalinngöngum og sölulúgu. Annað yfirborð lóðar hellulagt. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Neðstu þrep í útistiga eru utan byggingarreits, en eru hluti af lóðarfrágangi. Húsið og tæknirými eru innan byggingarreits.

R. MEÐHÖNDLUN SORPS
Sorpgeymsluskýli með möguleika á endurvinnslu er upp við NA hlið hússins úr forsteyptum einingum.

S. AÐRAR SÉRTÆKAR AÐGERÐIR
Ekki er um neinar sértækar aðgerðir að ræða. Byggingarhlutar (húseining, húshluti, byggingarhluti, s.s. gluggar, ofnar og fl.) sem framleiddir eru í verksmiðju eða á verkstæði og ætlað er ákveðið og sérhæft hlutverk í byggingu skulu ávallt bera vottun samkvæmt byggingarreglugerð.

BRUNAHÖNNUÐUR

ELDVARNAREFTIRLIT

SKÝRINGAR

LYKILMYND

| BREYTING | DAGSETNING | TEIKN. |
|---|---|---|
| e: | | |
| d: | | |
| c: | | |
| b: | | |
| a: | | |

## Oddeyrarbót 2, 600 Akureyri

Aðaluppdrættir

## Afstöðumynd

VERK 17-444
BLAÐ 100

REYKJAVÍK 14. sept. 2023
BREYTT | BREYTING
HANNAÐ JEJ | TEIKNAÐ KHD/GÖE | YFIRFARIÐ JEJ
KVARÐI | BLAÐSTÆRÐ A1
SAMÞYKKT | HÖNNUNARSTJÓRI

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA
Suðurlandsbraut 20 108 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740
KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
NETFÖNG: teikna@teikna.is VEFFANG: teikna.is




**1.hæð**
mkv: 1 : 100




**2.hæð**
mkv: 1 : 100

BRUNAHÖNNUÐUR

ELDVARNAREFTIRLIT

SKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| GN | Gólfniðurfall |
| LR | Loftræsting |
| HSL | Handslökkvitæki |
| F | Fataskápur |

LYKILMYND

| BREYTING | DAGSETNING | TEIKN. |
|---|---|---|
| e: | | |
| d: | | |
| c: | | |
| b: | | |
| a: | | |

Oddeyrarbót 2, 600 Akureyri

Aðaluppdrættir

Grunnmyndir

VERK 17-444

BLAÐ 101

REYKJAVÍK 14. sept. 2023

BREYTT | BREYTING

HANNAÐ JEJ | TEIKNAÐ KHD/GÖE | YFIRFARIÐ JEJ

KVARÐI | BLAÐSTÆRÐ A1

SAMÞYKKT | HÖNNUNARSTJÓRI

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA

Suðurlandsbraut 20 108 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740
KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
NETFÖNG: teikna@teikna.is VEFFANG: teikna.is




**Norður**
mkv: 1 : 100




**Austur**
mkv: 1 : 100




**Suður**
mkv: 1 : 100




**Vestur**
mkv: 1 : 100




**Snið A-A**
mkv: 1 : 100




**Snið B-B**
mkv: 1 : 100

www.brunahonnun.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland l=IS Iceland o=Brunahönnun slf e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2023-09-14 12:58Z

BRUNAHÖNNUÐUR

ELDVARNAREFTIRLIT

SKÝRINGAR

LYKILMYND

| BREYTING | DAGSETNING | TEIKN. |
|---|---|---|
| e: | | |
| d: | | |
| c: | | |
| b: | | |
| a: | | |

Oddeyrarbót 2, 600 Akureyri

Aðaluppdrættir

Útlit

VERK 17-444

BLAÐ 102

REYKJAVÍK 14. sept. 2023

| | | |
|---|---|---|
| BREYTT | | BREYTING |
| HANNAÐ JEJ | TEIKNAÐ KHD/GÖE | YFIRFARIÐ JEJ |
| KVARÐI | BLAÐSTÆRÐ A1 | |
| SAMÞYKKT | HÖNNUNARSTJÓRI | |

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA

Suðurlandsbraut 20 108 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740
KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
NETFÖNG: teikna@teikna.is VEFFANG: teikna.is